

stækkanir og breytingar húsa til byggingarnefndar samkvæmt nýtingarhlutfalli samþykkt aðal- eða deiliskipulags. Gatnagerðargjald greiðist þennan tíma hvorki af eingarlóðum né leigulóðum, sem borgarstjórn hefur úthlutað fyrir 1. janúar 1959. Af öðrum lóðum, sem borgarstjórn hefur úthlutað, skal greiða gatnagerðargjald samkvæmt því rúmmetragjaldi, er gildi, þegar úthlutun fór fram.

Felli byggingarnefnd úr gildi byggingarleyfi húss, byggingaráfanga eða stækkunar, samkvæmt ákvæðum byggingarreglugerðar gr. 3.4.6. 1. mgr. eftir 1. janúar 1986 skulu gilda ákvæði 5. gr. reglugerðar þessarar.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af borgarstjórn Reykjavíkur staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 um gatnagerðargjöld til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 17. apríl 1984.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli fyrir söltuð þorsklök framleidd á tímabilinu frá 1. febrúar til 31. maí 1984.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á söltuðum þorsklökum fyrir framleiðslutímabilið frá 1. febrúar til 31. maí 1984:

Söltuð þorsklök	US \$ pr. lest cif.
Flokkur A 700/up	3 500,00
Flokkur A 400/700	3 300,00
Flokkur A 200/400	2 900,00
Flokkur A 100/200	2 500,00
Flokkur B 700/up	3 100,00
Flokkur B 400/700	2 900,00
Flokkur B 200/400	2 500,00
Flokkur B 100/200	2 100,00

Verðbil verður 3% og miðast jafnt við verðhækkun sem verðlækkun.

Greiðslur í eða úr sjóðnum verða 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádragnum verðbili.

Verðið miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það verður á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 12. apríl 1984.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Kristín Magnúsdóttir.